

Embættismaðurinn á engan rétt til tekna af embættisbústað, ef hann framleigir hann eða eitthvað af honum, og ber að skila öllum slíkum tekjum í ríkissjóð.

Um húsaleigu í embættisbústöðum presta gilda lög nr. 38 1. maí 1947 og verður ekki úrskurðað um hana að svo stöddu.

*Ríkisendurskoðunin, 13. nóvember 1962.*

F. h. r.

**Einar Bjarnason.**

## AUGLÝSING

um umferð á Seyðisfirði.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hefur verið ákveðið, að eftirtaldir vegakafar á Seyðisfirði skuli teljast aðalbrautir:

- a. Austurvegur allur frá Fjarðará að Búðará.
- b. Bjólfsgata frá Öldugötu að Norðurgötu.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

*Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 8. nóvember 1962.*

**Erlendur Björnsson.**

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hólmavíkarkauptún, nr. 97 1. júní 1951.

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip og bátar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau leggjast við bryggju eða á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjaldið af nettóburðarmagni skipsins í heilum tölum, en brotum skal sleppt.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Hólmavíkurhreppi og skrásett þar og eru ekki í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Skip 20—50 brúttórúmllestir greiði .....	kr. 2000.00
Skip 7—20 brúttórúmllestir greiði .....	— 1000.00
Smærri bátar greiði .....	— 500.00

- b. Skip stærri en 12 rúmllestir brúttó, sem ganga eftir föstum auglýstum ferða-áætlunum greiði 20 auro fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.